Reykjavík, 29. október 2026
FAS26100009

Borgarráð

Tillaga um álagningarhlutfall fasteignaskatta og lóðarleigu 2027

Lagt er til að álagningarhlutfall fasteignaskatta og lóðarleigu vegna ársins 2027 verði sem hér segir:

1. Hlutfall fasteignaskatts skv. a-lið 3. mgr. 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum verði 0,18% af fasteignamati alls.

2. Hlutfall fasteignaskatts skv. b-lið 3. mgr. 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum verði 1,32% af fasteignamati alls.

3. Hlutfall fasteignaskatts skv. c-lið 3. mgr. 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr.4/1995 með síðari breytingum verði 1,60% af fasteignamati alls.

4. Hlutfall lóðarleigu fyrir íbúðarhúsalóðir verði 0,2% af fasteignamati lóða.

5. Hlutfall leigu fyrir verslunarlóðir, iðnaðarlóðir og lóðir fyrir opinberar byggingar verði 1,0% af fasteignamati lóða.

Greinargerð:

Tillagan felur í sér óbreytt álagningarhlutföll milli áranna 2026 og 2027.

Hildur Björnsdóttir
borgarstjóri

Reykjavík